

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Götumelur úr landi Birkikinnar, landnr. 166577.

Deiliskipulagið tekur til lóðarinnar Götumels úr landi Birkikinnar sem er 8.829 m² að stærð. Innan marka deiliskipulagsins er heimilt að byggja frístundahús allt að 160 m² að stærð á einni eða tveimur hæðum. Einnig er heimilt að byggja tvö minni hús, gestahús og geymslu. Hámark nýtingarhlutfalls lóðar verður 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 22. ágúst 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. júlí 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. júlí 2019